Reglugerð um mótahald

1. Almennt

1.1. Reglugerð þessi nær til þeirra móta sem HNÍ stendur fyrir, Bikarmót, Byrjendamót, félagsmót og Íslandsmeistaramót.

1.2. Allt keppnishald skal fara fram eftir reglum Alþjóðlega Hnefaleikasambandins (World Boxing) nema annað sé tekið fram í lögum og/eða reglugerðum HNÍ.

2. Leyfi til mótahalds

2.1. Mótshaldari skal senda mótsboð á skrifstofu HNÍ eigi síðar en mánuði fyrir mót.

2.2. HNÍ áskilur sér rétt til þess að banna mót ef mótshaldari hyggst ekki fylgja regluverki HNÍ. Ef mótshaldari brýtur gegn regluverki HNÍ í keppni mun brotið verða tekið fyrir hjá aganefnd HNÍ og getur orsakað að viðurlögum verður beitt.

2.3. Mótshöldurum ber að senda „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til HNÍ eigi síðar en 7 dögum fyrir fyrsta keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til HNÍ innan tilsetts tíma er fagnefndum HNÍ heimilt að flytja mótið á annan mótsstað.

2.4. Mótshaldarar eiga að fylgjast með því að þátttakendur hafi keppnisleyfi og sjá til þess að einstaklingar án leyfis taki ekki þátt í keppni.

2.5. Félagi sem heldur mót er skylt að kanna hjá HNÍ hvort keppendur séu í keppnisbanni, vegna meiðsla eða agabrota.

3. Hlutgengi

3.1. Keppnisrétt hafa eingöngu félagsbundir iðkendur í viðurkenndum aðildarfélagi innan HNÍ. Allir iðkendur skulu vera skráðir í félagakerfi íþróttahreyfingarinnar Felix.

3.2. Ef erlendi keppendur krefjast skriflegs samnings verður að leggja hann fyrir HNÍ til samþykktar.

3.3. Hægt er að sækja um undanþágu við pörun í ungmenna- og unglingaflokkum til mótanefndar HNÍ, þó má ekki muna meira en tveimur aldursárum á keppendum og skulu þeir keppa samkvæmt reglum unglingaflokka.

3.4. Keppendur í unglingaflokkum er óheimilt að para gegn keppendum úr Elite flokkum.

4. Innvigtun

4.1. Keppendur í öllum þyngdarflokkum skulu vera tilbúnir til innvigtunar að morgni keppnisdags. Innvigtun á sér stað að lágmarki 3 klst fyrir fyrstu viðureign. Keppendur eiga rétt á því að einstaklingar af sama kyni sjái um innvigtun þeirra.

4.2. Hægt er að sækja um undanþágu á þyngdarflokkum, en ekki skal muna meira en tveimur þyngdarflokkum eða 15kg (á ekki við innan „super heavy“ elite karla eða „heavy“ kvenna og unglinga) á keppendum þegar vigtun á sér stað. Keppendur og þjálfarar þeirra þurfa að samþykkja pörunina.

5. Læknisskoðun

5.1. Læknisskoðun, keppnishæfi, keppnisbönn og önnur læknisfræðileg atriði skulu fara fram í samræmi við **Læknishandbók World Boxing (World Boxing Medical Handbook)**, eins og hún er uppfærð hverju sinni.

6. Keppnisskýrsla

6.1. Keppnisskýrslur á þar til gerðu eyðublaði skal fylla út, undirrita af mótshaldara og lækni og senda til HNÍ að keppni lokinni.

7. Keppnissvæði

7.1. Fylgja skal reglum World Boxing um “Field of Play (FOP)”.

7.1.1. Hægt er að sækja um undanþágur til mótanefndar HNÍ.

8. Búnaður til mótahalds

8.1. Um búnað til mótahalds gilda tæknireglur World Boxing. Hægt er að sækja um undanþágu hjá mótanefnd HNÍ.